

hingað þingsályktun, samþykkt af báðum deildum alþingis út af tillögum yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir 1890 og 1891, svo hljóðandi: **111** 21. sept.

»Alþingi ályktar, að skora á landstjórnina að hlutast til um:

1. Að áskildir vextir og afborganir af hallærislánum sjeu innheimtir undandráttarlaust, og verði megn vanskil á greiðslunni, sje lánunum sagt upp og ráðstafanir gjörðar til að innheimta allan höfuðstólinn.

2. Að málssókn sje hafin gegn prestum þeim, er eigi standa landssjóði skil á árgjöldum af braudum sínum.

3. Að skýrsla um allar óloknaðar versúrur frá fyrri árum, hvort sem þær hafa komið fyrst fram í jarðabókarsjóðsreikningum eða reikningsbók ráðgjafans, fylgi landsreikningnum eptirleiðis.

4. Að ef gjaldheimtumenn landssjóðs borga meira en þeir eiga að greiða eptir reikningum sínum, sje skýrsla um slíkar ofborganir frá fyrri árum látn fylgja landsreikningnum framvegis.

Út af þessu læt jeg ekki hjá líða þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna, að út af 1. og 2. lið þingsályktunarinnar getur ekki orðið gjört annað en það, sem þegar er gjört, með því að ráðstafanir umboðsstjórnarinnar eru samkvæmt upplýsingum þeim, er þjer gefið, nú þegar í samræmi við óskir alþingis, en að því er snertir 3. og 4. lið þingsályktunarinnar finn jeg, samkvæmt því er þjer einnig hafi lagt til, ekkert á móti því, að tillögurnar í þessum liðum verði teknar til greina.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um afnám danskra messu- 112
gjörða í Reykjavík. — Samkvæmt allra þegnsamlegustum tillögum ráðgjafans, 21. sept.
eptir að ráðaneytinu hafði borizt þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, dags. 3. febr. þ. á., hefur hans hátign konunginum hinn 19. þ. m. allra mildilegast þóknast að samþykkja, að konungsúrskurður 17. marz 1882 ásamt eldri ákvörðunum um skyldu dómkirkjuprestsins í Reykjavík til þess, að halda danskar messugjörðir í dómkirkjunni, skuli vera úr gildi numinn, þó þannig, að dómkirkjupresturinn sje skyldur til að framkvæma kirkjulegar athafnir á dönsku, þegar hlutaðeigandi danskir meðlimir safnaðarins fara þess á leit.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tilkynnt yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 113
sveitfesti purfalings. — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra amt- 28. sept.
maður, viðvíkjandi áfrýjan hreppsnefndarinnar í Garðahreppi á úrskurði yðar, dags. 11. júlí þ. á., um sveitfesti stúlkunnar Margrjetar Guðmundsdóttur, sem nú er orðin sveitarþurfi í Reykjavík, og skjöl þau, máli þessu viðvíkjandi, sem